

Skýrsla stjórnar STÍ fyrir árið 2002

Það lá fyrir þegar núverandi stjórn tók til starfa að Skotíþróttasambandið bjó við slæma fjárhagsstöðu. Á síðasta þingi var þingfulltrúum gerð grein fyrir því að ljóst væri að fátt yrði aðhafst næstu mánuðina annað en að vinna í að rétta af fjárhaginn. Stefnan var þó sett á smáþjóðaleika sumarið 2003.

Stjórnin með gjaldkerann Guðmund Gíslason í fararbroddi kallaði eftir öllum kröfum bæði innlendum og erlendum og greiddi þær upp jafnt og þétt. Þá var markvisst unnið að því að ná niður skuldinni við landsliðsþjálfarann Peeter Paak og tókst á liðlega ári að koma fjárhag sambandsins í lag. Það kostaði vissulega fórnir og var enginn sendur til keppni á vegum sambandsins á tímanum og ekki var tekið þátt í starfi ISSF, ESC og NSR til að halda niðri kostnaði.

Þrátt fyrir að STÍ hefði ekki getu til að senda keppendur erlendis var haldið opnum möguleika að skrá keppendur til keppni sem treystu sér til að fara á eigin kostnað og fór Ellert Aðalsteinsson til Finnlands til að keppa á heimsmeistaramótinu í skeet.

Hvað varðar þátttöku okkar í þeim fjölþjóða íþróttahreyfingum sem við erum aðilar að var sú leið valin að frændum okkar dönum var falið forræði yfir íslensku atkvæðunum.

Það er fastur liður í starfi stjórnarinnar að velja skotíþróttamenn ársins sem að er heiðraður ásamt íþróttamönnum úr öðrum greinum í hófi þar sem fréttamenn velja íþróttamann ársins. Fyrir árið 2002 valdi stjórnin Carl J. Eiríksson, skotíþróttafélaginu Baldri, fyrir árangur sinn í riffilskotfimi og Kristínu Röver, Skotfélagi Reykjavíkur, fyrir árangur sinn í skotfimi með loftskammbyssu.

Ágreiningur var uppi á árinu um þá ákvörðun fráfarandi stjórnar að staðfesta ekki met Ellerts Aðalsteinssonar í skeet. Var málinu skotið til dómstóls ÍSÍ sem kvað upp dóm í þá veru að staðfesta bæri metið. Þeim dómi var svo áfrýjað til áfrýjunardómstóls ÍSÍ sem vísaði málinu frá vegna galla við áfrýjunina. Ekkert frekar var hægt að aðhafast enda áfrýjunardómstóllinn efsta dómstig hreyfingarinnar. Þessi málalok hafa valdið óróa í íþróttagreininni og sýnist sjálfsagt sitt hverjum hvað varðar niðurstöðuna en eitt er víst að það er einróma álit stjórnar STÍ að dómurinn er byggður á röksemdafærslu sem er með öllu óviðunandi. Burtséð frá hvort rétt sé að staðfesta metið eða ekki..

Þegar þessi málalok voru komin fram samþykkti stjórn STÍ að fresta skotþingi jafnvel þó það þýddi að þingið yrði ekki haldið á þeim tíma sem kveðið er á í lögum. Tilgangurinn var að fara yfir lög og reglur íþróttarinnar og leita að göllum. Sú leit bar lítinn árangur utan þess að gerðar voru minniháttar orðalagsbreytingar í reglugerðum og lagfæringar í lagatexta sem lagðar verða fyrir þingið nú.

Sem fyrr segir var fátt annað aðhafst á starfsárinu 2002 annað en að rétta af fjárhaginn og verður því skýrsla stjórnar ekki lengri að þessu sinni.

Lagt fyrir Skotþing 8.nóv.2003